

17. júlí 2025 – Fréttatilkynning

## Sjóvá – Árshlutauppgjör

479 m.kr. tap og samsett hlutfall 91,1% á fyrstu sex mánuðum ársins

### Annar ársfjórðungur 2025

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 690 m.kr. (2F 2024: 150 m.kr. tap)
- Tap af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 439 m.kr. (2F 2024: 317 m.kr. tap)
- Hagnaður tímabilsins 60 m.kr. (2F 2024: 434 m.kr. tap)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu -0,1% (2F 2024: 0,3%)
- Samsett hlutfall 92,1% (2F 2024: 101,8%)

### Fyrstu sex mánuðir ársins 2025 og horfur

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 1.511 m.kr. (6M 2024: 92 m.kr.)
- Tap af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 1.564 m.kr. (6M 2024: 46 m.kr. hagnaður)
- Tap tímabilsins 479 m.kr. (6M 2024: 13 m.kr. tap)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu -1,1% (6M 2024: 1,5%)
- Samsett hlutfall 91,1% (6M 2024: 99,4%)
- Horfur fyrir árið 2025 og til næstu 12 mánaða eru óbreyttar og er afkoma af váttryggingasamningum fyrir árið 2025 og til næstu 12 mánaða áætluð 1.700 – 2.400 m.kr. og samsett hlutfall 93-95%

## Hermann Björnsson, forstjóri:

Afkoma Sjóvár á öðrum ársfjórðungi var jákvæð um 60 m.kr. og einkenndist af erfiðu áferði á verðbréfamörkuðum en afar góðri afkomu af váttryggingastarfseminni. Tap af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta nam 439 m.kr. og afkoma af váttryggingasamningum fyrir skatta var 690 m.kr. Þá var samsett hlutfall 92,1% á fjórðungnum.

Afkoman af váttryggingasamningum endurspeglar sterkan grunnrekstur þar sem engin stórtjón féllu til og tjónaþróun var hagfelld. Niðurstaðan sýnir stöðugleika með 1.511 m.kr. hagnaði og 91,1% í samsettu hlutfalli fyrir fyrstu sex mánuði ársins.

Tap af fjárfestingum fyrir fjármagnsliði og skatta var 87 m.kr. á öðrum ársfjórðungi sem er undir væntingum en ásættanlegt í ljósi markaðsaðstæðna þar sem innlendir eignamarkaðir hafa verið afleitir það sem af er ári. Allir eignaflokkar, að undanskildum skráðum – og óskráðum hlutabréfum, skiluðu jákvæðri afkomu á fjórðungnum. Ávöxtun skráðra hlutabréfa var -4,8%, óskráðra hlutabréfa -0,5%, ríkisskuldabréfa 1,2%, annarra skuldabréfa 2,3% og safnsins alls -0,1%. Í lok annars ársfjórðungs var eignasafnið 59 milljarðar króna.

Meðgöngutrygging, sem kynnt var á kvenréttindadeginum 19. júní er ný vernd á íslenskum tryggingamarkaði, sem er ætlað að veita verðandi foreldrum samfellda vernd á mikilvægu tímabili í lífi þeirra sem ekki hefur áður verið í boði. Hún tryggir bæði verðandi móður og börn í móðurkviði á meðgöngu og í fæðingu og tryggir einnig barnið þar til það verður eins mánaðar gamalt. Þá er verðandi foreldrum boðið að kaupa barnatryggingu samhliða meðgöngutryggingunni sem tryggir áframhaldandi vernd barns. Þetta er í fyrsta sinn á Íslandi sem hægt er að tryggja móður og barn á þessum dýrmæta tíma en tryggingin byggir á norrænni fyrirmynd. Tryggingin var þróuð í nánu samstarfi við félagin Einstök börn og Gleym mér ei, auk ráðlegginga sérfræðilæknis.

Sjóvá hefur verið valið Fyrirtæki ársins 2025 í flokki stórra fyrirtækja samkvæmt árlegri könnun VR. Sjóvá er þannig á meðal þriggja efstu fyrirtækja í sínum stærðarflokki í starfsánægju og jafnframt með sína hæstu einkunn frá upphafi. Könnun VR er stærsta vinnumarkaðskönnun landsins og byggir á svörum tugþúsunda starfsmanna og veitir skýra mynd af því hvað starfsfólk metur m.a. þegar kemur að starfsanda, stjórnendum, jafnrétti og tækifærum til starfsþróunar. Þetta er sameiginlegur árangur allra starfsmanna sem leggja sitt af mörkum til þess að skapa vinnustaðarmenningu þar sem fólki líður vel og fær að dafna. Við erum afar ánægð með þessar niðurstöður og þakklát fyrir að starfsfólk okkar sé jafn ánægt og stolt af því að starfa hjá Sjóvá eins og raun ber vitni. Reynsla okkar sýnir að starfsánægja skilar sér í betri þjónustu og upplifun fyrir viðskiptavinum.

Sjóvá fékk nýlega einkunnina B1 og 80 stig af 100 mögulegum í UFS sjálfbærnimati Reitunar. Félagið fær sama stigafjölda og í fyrra en kröfur í matinu eru að aukast ár frá ári. Meðaltal félaga sem Reitun hefur metið er 73 stig af 100 mögulegum. Þá var Sjóvá efst tryggingafélaga í Sjálfbærniásnum 2025 sem er samræmdur mælikvarði á viðhorfi almennings til frammistöðu íslenskra fyrirtækja og stofnana í sjálfbærnimálum.

Horfur okkar eru óbreyttar og er afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta árið 2025 og til næstu 12 mánaða áætluð á bilinu 1.700 – 2.400 m.kr. og samsett hlutfall 93 - 95%. Ekki verða birtar horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi en áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingaeigna í stýringu nemi 8,5% á ári til lengri tíma miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu. Ekki verður upplýst um frávik frá afkomu af fjárfestingastarfsemi nema þær verði raktar til verulegra breytinga á óskráðum eignum eða á eignasafni.

Við gerð áætlunar er stuðst við ýmis opinber gögn, t.d. spár um þróun vísitalna, hagvöxt og áætlaðan ferðamannafjölda. Þá er litið til tjónaþróunar undanfarinna ára auk þess sem áætlað er fyrir tveimur til þremur stórtjónum á árinu.

## Kynningarfundur 17. júlí kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð þann 17. júlí kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjörið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt á slóðinni [sjova.is/afkomukynning](https://sjova.is/afkomukynning). Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is) fyrir fundinn eða á meðan á fundi stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár [sjova.is/fjarfestar](https://sjova.is/fjarfestar) frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

### Fjárhagsdagatal

|                            |                         |
|----------------------------|-------------------------|
| 3. ársfjórðungur 2025..... | <b>23. október 2025</b> |
| Ársuppgjör 2025.....       | <b>12. febrúar 2026</b> |
| Aðalfundur 2026.....       | <b>12. mars 2026</b>    |

### Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkynning, samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar og fjárfestakynning Sjóvá-  
Almennra trygginga hf. vegna annars ársfjórðungs 2025.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Scheving Thorsteinsson í síma 869-8109 eða [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is).

## Helstu niðurstöður og lykiltölur

|   | 2F 2025          | 2F 2024          | %            | 6M 2025            | 6M 2024           | %             |
|---|------------------|------------------|--------------|--------------------|-------------------|---------------|
| Tekjur af váttryggingasamningum                         | 8.693.651        | 8.344.671        | 4,2%         | 17.067.265         | 16.426.380        | 3,9%          |
| Tjón tímabilsins  | (5.851.639)      | (6.285.022)      | -6,9%        | (11.581.883)       | (12.285.810)      | -5,7%         |
| Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum              | (1.755.240)      | (1.684.715)      | 4,2%         | (3.474.946)        | (3.304.847)       | 5,1%          |
| Afkoma af endurtryggingasamningum                       | (397.216)        | (524.511)        | -24,3%       | (499.413)          | (743.339)         | -32,8%        |
| <b>Afkoma af váttryggingasamningum</b>                  | <b>689.555</b>   | <b>(149.577)</b> | -            | <b>1.511.022</b>   | <b>92.383</b>     | -             |
| Hreinar fjármunatekjur                                  | 232.470          | 290.361          | -19,9%       | 520.484            | 575.560           | 9,6%          |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna                          | (221.184)        | (120.526)        | 83,5%        | (1.117.837)        | 378.639           | -             |
| Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi              | (98.418)         | (109.069)        | -9,8%        | (193.301)          | (190.080)         | 1,7%          |
| <b>Afkoma fjárfestinga</b>                              | <b>(87.132)</b>  | <b>60.766</b>    | -            | <b>(790.654)</b>   | <b>764.118</b>    | -             |
| Fjármagnsliðir váttryggingasamninga                     | (351.532)        | (377.721)        | -6,9%        | (773.577)          | (717.872)         | 7,8%          |
| <b>Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði</b>          | <b>(438.663)</b> | <b>(316.954)</b> | <b>38,4%</b> | <b>(1.564.231)</b> | <b>46.246</b>     | -             |
| <b>Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum</b> | <b>250.892</b>   | <b>(466.532)</b> | -            | <b>(53.209)</b>    | <b>138.629</b>    | -             |
| Aðrar tekjur  | 85.333           | 67.227           | 26,9%        | 116.598            | 96.701            | 20,6%         |
| Annar rekstrarkostnaður                                 | (10.257)         | (12.670)         | -19,0%       | (23.693)           | (25.611)          | -7,5%         |
| Annar fjármagnskostnaður                                | (16.915)         | (16.762)         | 0,9%         | (33.336)           | (33.571)          | -0,7%         |
| <b>Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt</b>                  | <b>309.053</b>   | <b>(428.737)</b> | -            | <b>6.361</b>       | <b>176.147</b>    | <b>-96,4%</b> |
| Tekjuskattur  | (248.900)        | (5.060)          | -            | (485.831)          | (188.688)         | -             |
| <b>Hagnaður (tap) og heildarhagnaður tímabilsins</b>    | <b>60.153</b>    | <b>(433.797)</b> | -            | <b>(479.470)</b>   | <b>(12.541)</b>   | -             |
| <b>Helstu kennitölur</b>                                | <b>2F 2025</b>   | <b>2F 2024</b>   |              | <b>6M 2025</b>     | <b>6M 2024</b>    |               |
| Tjónahlutfall   | 67,3%            | 75,3%            |              | 67,9%              | 74,8%             |               |
| Endurtryggingahlutfall                                  | 4,6%             | 6,3%             |              | 2,9%               | 4,5%              |               |
| Kostnaðarhlutfall                                       | 20,2%            | 20,2%            |              | 20,4%              | 20,1%             |               |
| Samsett hlutfall  | 92,1%            | 101,8%           |              | 91,1%              | 99,4%             |               |
| Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli         | 5,8%             | (8,1%)           |              | 0,1%               | 1,6%              |               |
| Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli         | 1,1%             | (8,2%)           |              | (4,1%)             | (0,1%)            |               |
| Eiginfjárhlfall   |                  |                  |              | 28,8%              | 29,8%             |               |
| Gjaldþolshlfall   |                  |                  |              | 1,36               | 1,34              |               |
| Lágmarksfjármagnshlfall                                 |                  |                  |              | 3,09               | 3,10              |               |
| <b>Helstu liðir úr efnahagsreikningi</b>                |                  |                  |              | <b>30.6.2025</b>   | <b>31.12.2024</b> |               |
| Verðbréf  |                  |                  |              | 58.133.921         | 62.575.602        |               |
| Endurtryggingaeignir                                    |                  |                  |              | 2.035.140          | 2.040.927         |               |
| Eignir samtals  |                  |                  |              | 73.907.913         | 75.692.333        |               |
| Skuldbinding vegna váttryggingasamninga                 |                  |                  |              | 42.392.811         | 41.712.958        |               |
| Eigið fé samtals  |                  |                  |              | 21.278.069         | 25.128.078        |               |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar 30. júní 2025 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 17. júlí 2025. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins